



HÉRAÐSSKJALASAFN
AUSTFIRÐINGA

AÐALFUNDARBOÐ 2024

Hér með boðar stjórn Héraðsskjalasafns Austfirðinga bs. til aðalfundar sem haldinn verður í Safnahúsinu í Neskaupstað miðvikudaginn 30. október og hefst kl. 13:00.

Um boðun fundarins vísast til stofnsamnings byggðasamlagsins, sem er fylgiskjal með bréfi þessu, nánar tiltekið til 6. greinar.

Athygli er vakin á því að samkvæmt 7. grein samningsins skal hvert sveitarfélag tilnefna að minnsta kosti einn fulltrúa til setu á aðalfundi og annan til vara, sem mega ekki vera aðalmenn í stjórn byggðasamlagsins. Aðalmenn í stjórn skulu þó einnig sitja aðalfundinn. Um tilnefningu fulltrúa og atkvæðavægi á aðalfundi vísast til 7. greinar.

Dagskrá aðalfundarins er eftirfarandi:

1. Fundarsetning og kjör starfsfólks fundarins
2. Kjörbréf og umboð fulltrúa sveitarfélaga á fundinum
3. Formaður flytur skýrslu stjórnar
4. Héraðsskjalavörður flytur skýrslu um safnið, kynnrir ársreikning og fjárhagsáætlun
5. Reikningar næstliðins starfsárs (til afgreiðslu)
6. Fjárhagsáætlun fyrir komandi starfsár (til afgreiðslu)
7. Kjör löggilds endurskoðanda
8. Kynning á hugmyndum um sameiningu skjalasafna á Austurlandi
9. Önnur mál

Með fundarboði þessu fylgja drög að ársreikningi fyrir árið 2023 ásamt endurskoðunarskýrslu og sundurliðunum. Athygli er vakin á því að stjórn hefur ekki fjallað um reikninginn og afgreitt hann en mun gera það á fundi á næstu dögum og mun því ársreikningurinn liggja undirritaður fyrir aðalfundinum. Þá fylgja einnig með fundarboðinu drög að fjárhagsáætlun safnsins fyrir árið 2025 ásamt áætluðum rekstrarframlögum aðildarsveitarfélaga safnsins fyrir það ár.

Í tengslum við áttunda dagskrárlið fundarins mun að aðalfundi loknum gefast kostur á að kynna sér nýjar sameiginlegar skjalageymslur Fjarðabyggðar og Skjala- og myndasafns Norðfjarðar og nýtt húsnæði skjalasafnsins í Lúðvíkshúsi.